

Mál nr. 0577/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0577/2024, Lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn í Öfundarfirði (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við lífmassaaukningu ÍS-47 ehf.

Höfundur: Helga Þuríður Magnúsdóttir/helgathuridur@isafjordur.is

Sent inn þann: 14.06.2024, **Fyrir hönd:** Ísafjarðarbær

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 12.06.2024
MFRI: 2024-05-0171

Efni: Lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn í Önundarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 15. maí 2024. ÍS47 hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

ÍS47 hyggst auka lífmassa í eldi sínu í Önundarfirði um 600 tonn og verður þá heildar lífmassi fyrirtækisins í firðinum 2.500 tonn, sem er það magn af eldisfisk sem burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir sem hámarki í firðinum.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir tilkynninguna og vill koma nokkrum atriðum á framfæri.

Fram kemur að það sé einungis ÍS47 sem stundar og er með leyfi til fiskeldis í Önundarfirði. Hafrannsóknastofnun bendir á að Arctic Sea Farm ehf. er með leyfi fyrir 200 tonnum í firðinum.

Í kaflanum um eldisferli kemur fram að eldið verði kynslóðarskipt eins og skilgreint sé í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, en þar segir „*eldi einnar kynslóðar innan sama sjókvíaeldissvæðis*“. Framkvæmdaraðili tekur fram að innan eldissvæðis verði tvö sjókvíaeldissvæði. Hafrannsóknastofnun bendir á að Önundarfjörður í heild sinni er ekki eitt eldissvæði. Eldissvæði eru svæði innan sjókvíaeldissvæða en ekki utan þeirra. Önundarfjörður er fjörður/vatnshlot en ekki eitt mjög stórt eldissvæði. Rétt skilgreining á eldissvæði er „*svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnitum*“.

Ekki kemur fram í hvaða hlutföllum ala á regnbogasilung og lax m.t.t. þessara 2.500 tonna sem leyfið á að hljóða upp á. Fóðurnýting regnbogasilungs er 1,4 en 1,2 hjá laxi skv. framkvæmdaraðila. Burðarþolslíkanið gerir ráð fyrir fóðurnýtingu upp á 1,18¹ sem er sú tala sem gefin er upp í matsskýrslum vegna laxeldis almennt. Skilgreina þarf hversu mikið af kolefni, nitri og fosfati mun berast í umhverfið (uppleyst og fast form) sem fóðurleifar og sem útskilnaður frá fiskum til þess að geta metið umhverfisáhrif eldisins ef ala á regnbogasilung. Mögulega verður álagið á vatnshlotið meira en ásættanlegt er skv. burðarþoli ef regnbogasilungur er alinn þar sem 2.500 tonn miðað við ef lax væri alinn þar í sama magni. Þetta er atriði sem þarf að skoða á síðari stigum mats á framkvæmdinni.

Þegar burðarþol Önundarfjarðar var metið kom í ljós skv. mælingum að staðbundin súrefnisskortur verður í botnlagi sjávar utan við eyrina². Ástæður eru ekki þekktar en taka þarf tillit til þessara aðstæðna þegar verið er að meta lífrænt álag á fjörðinn m.t.t. breytinga á eldissvæðum meðal annars.

ÍS47 hyggst flytja eldissvæði sitt á Ingjaldssandi yfir á Hundsa. Vegna strauma í Önundarfirði (öfugir miðað við aðra firði) eru líkur á að lífrænt efni frá nýju svæði berist inn fjörðinn í stað þess að berast út úr honum eins og búast mætti við væri eldið á Ingjaldssandi. Þetta er einnig atriði sem þarf að skoða betur m.t.t. álags á vatnshlotið.

Fjallað er almennt um laxalús en ekki um þann skaða sem hún hefur valdið á Vestfjörðum undanfarið og þá sérstaklega árið 2023. Mikilvægt er að gert sé grein fyrir slíkum atburðum þar sem þeir geta endurtekið sig og þá mögulega haft áhrif á eldi ÍS47 líkt og eldi annara á svæðinu. Hafa þarf skýrar mótvægisáðgerðir gegn lúsinni sem hefur verið mjög mikið vandamál eins og fyrr segir. Þá er mögulegt að grípa þurfi til lyfjameðhandlana og þeim fylgja neikvæð umhverfisáhrif á villt krabbadýr, m.a. rækju. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum af lús, mótvægisáðgerðum, hvernig fyrirtækið hyggst taka á vandanum komi hann upp og hvaða umhverfisáhrif eru af notkun lyfja á umhverfið.

Hafrannsóknastofnun telur að ýmislegt sé óljóst í sambandi við framkvæmdina eins og rætt er að ofan. Telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir framkvæmdinni, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

¹ https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2023_02_11.pdf

² https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/burdarthol_onundarfjordur1306030.pdf

Jón Smári Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 14. júní 2024
Tilvísun: 2405604

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um aukningu á hámarkslífmassa ÍS 47 ehf. í Önundarfirði um 600 tonn

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 15. maí 2024, vegna aukningar á hámarkslífmassa, ÍS 47 í Önundarfirði. Núgildandi rekstrarleyfi ÍS 47 (FE-1109) heimilar sjókvíaeldi á 1.000 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og þorski á tveimur eldissvæðum í Önundarfirði, Ingjaldssandi og Valþjófsdal. Tilkynnt framkvæmd ÍS 47 gerir ráð fyrir 600 tonna lífmassa til viðbótar við áður tilkynnta framkvæmd upp á 900 tonna viðbót á lífmassa sem var viðbót við þá heimild sem er til staðar í dag, 700 tonna hámarkslífmassi fyrir regnbogasilung og þorsk..

Fram kemur í tilkynningu ÍS 47 að í október 2022 sendi félagið Skipulagsstofnun tilkynningu um 900 tonna lífmassaaukningu. Skipulagsstofnun ákvarðaði að sú tilkynning væri ekki matsskyld. Tilgangurinn með eldri tilkynningu frá 2022 upp á 900 tonna lífmassaaukningu og tilkynningu sem nú er til kynningar upp á 600 tonn, er að fullnýta það heildarmagn lífmassa sem burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir Önundarfjörð leyfa, sem er 2.500 tonn.

Umrædd aukning á lífmassa mun samanstanda af regnbogasilungi og laxi samkvæmt tilkynningu. Matvælastofnun bendir á að samkvæmt gildandi rekstrarleyfi hefur ÍS 47 ehf. heimild til að ala regnbogasilung og þorsk í Önundarfirði. Árið 2022 lagði ÍS 47 inn umsókn um tegundabreytingu yfir í regnbogasilung og lax. Umrædd umsókn er enn í málsmeðferð hjá Matvælastofnun.

Í tilkynningu kemur fram að ÍS 47 sé eini aðilinn sem hefur leyfi og stundar fiskeldi í Önundarfirði. Matvælastofnun bendir á að Arctic Sea Farm hafði heimild til að ala 200 tonn í firðinum. Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í kafla 2.7 er fjallað um að helstu varúðarráðstafanir gagnvart hafís séu að draga sjókvíar inn í hafnir og hefja neyðarslátrun á öllum fiski sem kominn er í söluhæfar stærðir. Matvælastofnun bendir á að fjalla þarf um hvernig farga eigi fiski sem ekki er komin upp í sláturstærð við slíkar aðstæður.

Í kafla 3 er fjallað um eldisbúnað. Matvælastofnun minnir á að fyrirhugaður eldisbúnaður þarf að standast þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð nr. 540/2020 samkvæmt norska staðlinum NS 9415:2009 um fiskeldi.

Í kafla 5 kemur fram að innan eldissvæðisins verði í notkun tvö sjókvíaeldissvæði. Matvælastofnun bendir á skilgreiningar á sjókvíaeldissvæði og eldissvæði í reglugerð nr. 540/2020. Skýra þarf þennan þátt betur.

Í kafla 5.1 er fjallað um uppbyggingu eldis. Matvælastofnun gerir athugasemd við það að áætlanir geri ekki ráð fyrir að fjörðurinn allur sé eitt sjókvíaeldissvæði heldur er stefnt að því að hafa sitthvora kynslóðina á eldissvæðunum tveimur. Þetta verður til þess að fjörðurinn verður aldrei tómur af fiski og ekki hvíldur í heild sinni. Eins og fram kemur í tilkynningu er fjörðurinn bæði tiltölulega mjór (2-6 km breiður) og grunnur (20-30m) og eftir flutning á eldissvæðinu Ingjaldssandi yfir á Hundsá verða um 3 km á milli eldissvæðanna. Í nýju lagafrumvarpi sem hefur verið lagt fyrir Alþingi eru skilgreind smitvarnarsvæði. Minni firðir eins og Önundarfjörður eru skilgreindir sem eitt smitvarnarsvæði. Það þýðir að útsetningar og hvíld eldissvæða innan smitvarnarsvæða verða samræmd. Aðskilnaður kynslóða með hvíld fjarðarins skilar sér í bættum smitvörnum og er einnig mikilvægur liður í baráttunni við lús.

Í kafla 5.2 er fjallað um flutning á eldisfiski og þar einungis nefnt hvernig seiðin eru flutt á landi í flutningstönkum en ekki í kvíar. Matvælastofnun telur að þetta þurfi að skilgreina betur.

Í sama kafla er talað um aflífun fisks. Ekki er fjallað um hvernig ÍS 47 hyggist svipta fiskinn meðvitund en fjallað er aflífun fiska í 12. gr. reglugerðar nr. 300/2018. Jafnframt kemur fram að blóði sé safnað í kar um borð í bát en ekki hvað verði gert við blóðvatnið. Matvælastofnun telur að skilgreina þurfi þennan þátt nánar, m.t.t smitvarna.

Í kafla 6 er fjallað um fóður og fóðurnýtingu. Þar kemur fram að kaupa eigi einn fóðurpramma en þó er ljóst samkvæmt eldisferli að fiskur verður á tveimur eldissvæðum. Gera þarf grein fyrir því hvernig fiskur verður fóðraður á því svæði þar sem enginn fóðurprami á að vera.

Í kafla 7.2 um dauðfisk kemur fram að dauðum fiski verði safnað og honum fargað samkvæmt samningi við viðurkennda aðila. Matvælastofnun bendir á að koma þurfi fram hvaða aðili taki við dauðfiski og að sýna verði fram á að sá aðili hafi tilskilin leyfi til móttöku og vinnslu á slíkri vöru.

Í kafla 10.1 um sjúkdóma og lýs kemur fram að ekki hafi komið upp lús í regnbogaeldi ÍS 47 ehf. Matvælastofnun bendir á að fyrirtækið hafi ekki framkvæmt lúsatalningar eins og reglugerð nr. 540/2020 gerir ráð fyrir fyrr en árið 2024. Stofnunin telur að skilgreina verði betur hvernig fyrirtækið hyggst fyrirbyggja lúsasmit og einnig hvernig það hyggst meðhöndla við lús, komi þær aðstæður upp.

Í kafla 10.2 um bakteríur og veirusjúkdóma kemur fram að fiskurinn í Öfundarfirði verði bólusettur, vöktun á sjúkdómum verði viðhöfð af dýralækni og hrogn tekin frá sjúkdómaskimuðum foreldrafiski. Skýra þarf betur hvernig smitvörnum verði háttáð á milli svæðanna. Einnig þarf að útskýra betur hvernig fyrirtækið mun bregðast við ef tilkynningarskyldur sjúkdómur greinist á eldissvæði og farga/slátra þurfi miklu magni af fisk á skömmum tíma þar sem taka þurfi tillit til smitvarna.

Matvælastofnun tekur fram að breytingar sem boðaðar eru á svæðum rúmast innan reita SN21 og SN22 eins og þeir eru skilgreindir í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Bent er á að áhættumat siglinga þarf að liggja fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina ekki bara þau sem verið er að breyta. Sjókvíar þurfa byggingarleyfi frá Húsbæðis- og mannvirkjastofnun en ekki er fjallað um þann þátt í greinargerð.

Tilkynnt framkvæmd er innan burðarþolsmats og áhættumats Öfundarfjarðar. Hins vegar gera lög um fiskeldi (IX. ákvæði til bráðabirgða) ráð fyrir að heimilt sé að úthluta opinberlega því magni lífmassa sem heimilt er að ala í Öfundarfirði og er umfram heimildir í leyfum til fiskeldis þar. Í 13. gr. reglugerðar um fiskeldi kemur fram að þegar sótt er um breytingu á gildandi rekstrarleyfi þurfi að koma fram hvort breyting eldissvæða sé í samræmi við skiptingu Hafrannsóknastofnunar í eldissvæði. Matvælastofnun vill koma því á framfæri varðandi framkvæmdina að stofnunin hefur ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að verða boðinn út og varðandi færslu eldissvæðis þá þarf aðkomu Hafrannsóknastofnunar sem fer með skiptingu eldissvæða.

Matvælastofnun telur að margt sé óljóst í sambandi við framkvæmdina. Telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir framkvæmdinni, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Matvælastofnun telur að ástæða sé til að farið verði fram á umhverfismat.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Kjartan Davíð Sigurðsson
Sérfræðingur í fiskeldi

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0019
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar ÍS47 á lífmassaaukningu í Önundarfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 15. maí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd ÍS47 á lífmassaaukningu um 600 tonn í framleiðslu á regnbogasilungi og laxi í Önundarfirði væri háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri matsskyldufyrirspurn ÍS47 þann 22 nóvember 2022 þar sem stefnt var að lífmassaaukningu um 900 tonn, en einnig breytingu á eldistegundum og færslu á eldissvæði. Náttúrufræðistofnun taldi að samtals kölluðu þær framkvæmdir á umhverfismat. Í þeirri umsögn komu m.a. eftirfarandi athugasemdir fram sem enn eiga við:

„Það er almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önundarfirði er vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun, og samkvæmt greinargerð ÍS 47 ehf. hefur fiskur ekki sloppið úr eldi. Stofnunin telur engu að síður að í tegundabreytingunni felist áhætta og að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.....“

... Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort botndýralíf hafi verið kannað við Hundsá, en svo virðist ekki vera þegar skýrslur um rannsóknir í Önundarfirði eru skoðaðar. Því má álykta að metið sé sem svo að botndýralíf sé líklegt til að vera svipað og annars staðar í Önundarfirði þar sem það hefur verið kannað. Hingað til hefur vöktun á svæðinu við Valþjófsdal ekki sýnt fram á að uppsöfnun lífræns efnis við sjókvíar sé að hafa neikvæð áhrif á fjölbreytni botndýra. Hins vegar er ekki fjallað um hvort og þá hverjar breytingar á tegundasamsetningu hafa orðið en vel er þekkt að slíkar breytingar geta orðið töluverðar við uppsöfnun lífræns efnis á sjávarbotni. Við aukninguna mun magn lífræns efnis sem til fellur aukast töluvert. Mikilvægt er að vöktunaráætlun sé uppfærð með tilliti til þessarar aukningar..... Þar sem svæðið við Valþjófsdal er staðsett innar í firðinum þar sem er grynnra og minni straumur, þarf að fara sérstaklega varlega við að framkvæma aukningu á eldi þar.....“

... Ekkert er fjallað um hvernig aukning og færsla á nýtt eldissvæði mun hafa áhrif á ásýnd og landslag eða á annað lífríki t.d. fuglalíf og sjávarspendýr. Með fjölgun sjókvía í Önundarfirði er hætt á aukinni truflun t.d. vegna ljós- og hljóðmengunar, umferðar báta við sjókvíarnar o.fl. sem geta haft áhrif á ásýnd og truflað dýralíf.“

Í núverandi tilkynningu um lífmassaaukningu er ljóst að burðarþoli Önundarfjarðar er náð og þeim mun mikilvægara að vöktun á umhverfisáhrifum sé ítarleg og markviss þ.m.t. á næringarefnaálagi, lúsasmiti og stroki laxfiska. Jákvætt er að hingað til hafa engir fiskar strokið úr kvíum ÍS47, að lúsasmit hafi verið lítið sem ekkert og að áhrif á botndýralíf hafi ekki verið



metin mikil. Sú umtalsverða aukning og fjölgun eldissvæða í firðinum sem sótt hefur verið leyfi fyrir felur þó í sér verulega breytingu sem mun þýða fjölgun sjókvía og aukinn þéttleika fiska innan kvía, hvoru tveggja mun auka líkur á auknum umhverfisáhrifum og mögulegum smit-
eða strokuatburðum. Krafa um bættu vöktun og eftirlit er því lykilatriði.

Í vöktunaráætlun kemur fram að grunnsýnataka við Hundsá hafi farið fram í desember 2022, ekki er þó greint frá niðurstöðum um t.d. botndýralíf svæðisins.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar um tilkynninguna frá 12. júní 2024 og í umsögn Matvælastofnunar frá 14. júní 2024 koma fram ýmsar athygliverðar og mikilvægar ábendingar. Þar má nefna það að ekki komi nægilega vel fram hvernig áætluð aukning skiptist milli tegunda sem gerir mat á fódurþörf og þar með lífrænu álagi óskýra og nauðsynlegt sé að greina betur frá því. Einnig að straumar við Hundsá, þar sem stefnt er að töluverðri framleiðslu, geti beint næringarefnum inn í fjörðinn en það stangast á við það sem fram kemur í greinargerð að staðsetning kvía utarlega í firði tryggi að þau berist út úr firðinum. Þar sem dýpt minnkar eftir því sem innar er farið í fjörðinn eykst hættu á uppsöfnun næringarefna, súrefnisþurrð o.s.frv. Matvælastofnun bendir á að stefnt sé að því að skilgreina Öundurarfjörð sem eitt smitvarnarsvæði og að æskilegt væri að hvíla allan fjörðinn frekar en eldissvæðin tvö til skiptis.

Stofnanirnar báðar koma með ýmsar fleiri athugasemdir og telja báðar að margt sé of óljóst um framkvæmdina og að mat á umhverfisáhrifum væri æskilegt. Náttúrufræðistofnun tekur undir með álit og niðurstöðu beggja stofnana.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 2. ágúst 2024
Tilv.2024-05-15-0591/2.4.1

Efni: Varðar fyrirhugaða lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn í Önundarfirði, nr. 0577/2024

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 15. maí sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu fyrirhugaðrar lífmassaaukningar ÍS47 á regnbogasilungi og laxi um 600 tonn í Önundarfirði, mál nr. 0577/2024.

Fjallað er um í tilkynningunni að eldi ÍS47 sé vel staðsett vegna fjarlægðar frá laxveiðiám. Fiskistofa bendir á að þegar fiskar slupu úr eldiskví í Patreksfirði í ágúst 2023 bárust laxar þaðan í ár á vestfjörðum, norðurlandi og vesturlandi¹.

Fram kemur að heildar eldismagn ÍS 47 er því áætlað 2.500 tonn sem samræmis burðarþolsmati sem áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar Önundarfjarðar. Fiskistofa bendir á að horft verði til þess að heildar eldismagn í Önundarfirði taki mið af burðarþolsmati og áhættumati vegna erfðablöndunar, sem nú er í endurskoðun.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að fyrirhuguð lífmassaaukning ÍS47 á regnbogasilungi og laxi um 600 tonn í Önundarfirði þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

1. Fjóla Rut Svavarsdóttir (ritstj.), Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðason, Ingi Rúnar Jónsson, Leó Alexander Guðmundsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Óskar Helgason, **2024. Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíeldis á íslenska laxastofna 2023**. HV 2024-29

Akureyri, 10. júní 2024
UST202405-146/S.R.B.
10.05.00

Umsögn matsskyldu vegna tilkynningar um framkvæmd - Lífmassaaukning ÍS47 um 600 tonn í Önundarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 15. maí 2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

ÍS 47 ehf. (hér eftir nefndur framkvæmdaraðili) áformar að auka umfang eldis í Önundarfirði um 600 tonn. Framkvæmdaraðili hefur þegar leyfi fyrir 1.000 tonnum og að auki 900 tonn sem hafa þegar farið í tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem mat að sú aukning þyrfti ekki í umhverismat.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin gefur út starfsleyfi í samræmi við burðarþol og gildandi áhættumat erfðablöndunar en bæði hljóða upp á 2.500 tonna lífmassa í Önundarfirði. Einnig bendir stofnunin á að úthlutun eldissvæða er á höndum ráðherra, sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunni er fjallað um villta laxastofna, burðarþol Önundarfjarðar, botndýralíf, náttúruhamfarir, skipulag og nýtingu strandsvæða, eldisbúnað, eldisfisk, eldisferli, fóður og fóðurnýtingu, frárennsli, hvíld svæða, erfðablöndun, sjúkdóma og laxalús, slysasleppingar og fyrirhugaða vöktun og vöktunaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal vakta helstu umhverfispætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur í samræmi við grein 5.1 í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila. Árlega skal hann skila vöktunarskýrslu sem byggir á vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, sjá nánar í umfjöllun um stjórn vatnamála. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns. Í vöktunarskýrslu rekstraraðila frá 2022 kemur fram að ástand botnsins sé mjög gott þó að eldi hafi verið á svæðinu og í hámarki. Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og koma til með að draga úr áhrifum að einhverju leyti.

Vatnshlot

Í tilkynningarskýrslunni er fjallað um vatnshlotið Önunderfjörð 101-1388-C sem starfsemin kemur til með að losa í. Fjallað er þar um annað staðbundið álag sem vatnshlotið er undir en það er frá skólpfráveitu Flateyrar.

Umhverfisstofnun vil benda á að meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotið. Þeir gæðapættir sem eru notaðir til ástandsflökkunar strandsjávar koma fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Skila þarf áhrifamati til Umhverfisstofnunar sem metur hvort það uppfylli skilyrði þar um. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og þau þarf að uppfylla.

Áhrifamat þarf að fjalla um:

- Tilganginn með matinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotsins og hvort hætta sé á að ástand þess rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þess (óflokkað/ flokkað?) og fleira ef þarf t.d. það álag sem er til staðar í vatnshlotinu
- Gæðapætti í strandsjó sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti.
- Hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það nær ekki umhverfismarkmiðum) og hvort þær mótvægisaðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.
- Gera þarf áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir/starfsemi hefjast.

Meta þarf hvaða gæðapættir séu líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra t.d. áhrif á næringarefni eða hryggleysingja á mjúkum botni. Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum. Að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Losun í viðtaka

Í umfjöllun um næringarefni í sjó og botndýralíf er vísað til fyrra mats en einnig fyrirbyggjandi gagna vegna vöktunar á svæðum sem hafa verið í notkun. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera betur grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við ef fresta þarf útsetningu á svæði ef þau hafa ekki jafnað sig eftir hvíld. Gera má ráð fyrir því að álag á svæði aukist með

heimild fyrir auknum lífmassa og því mikilvægt að hafa áætlun ef ekki verður hægt að setja út fisk eftir hvíld.

Skipulag

Umhverfisstofnun vil einnig taka fram að breytingar á svæðum rúmist inna fyrirbyggjandi strandsæðisskipulags Vestfjarða fyrir reitina SN21 og SN22. Einnig þarf að liggja fyrir áhættumat siglingaöryggis fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina ekki bara þau sem verið er að breyta. Rétt er að benda á að sjókvíar þurfa einnig byggingarleyfi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunin. Ekki er umfjöllun um þann þátt nema vísun í að byggingarleyfi þurfi vegna kvíanna.

Vöktun

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vöktunaráætlun framkvæmdaraðila verðu uppfærð til samræmis við fyrirætlunir og að hún liggja fyrir samhliða umsókn um breytingu á leyfi. Þar er mikilvægt að tilgreina þá vöktun sem kemur inn í samræmi við lög um stjórn vatnamála samkvæmt útgefnum leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar. Vöktunaráætlun sem lögð var fram með fyrirspurninni leggur upp með þá þætti sem krafist er af Umhverfisstofnun og tekur mið af vöktun vatnshlotsins. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við hana en hún verður metin frekar þegar umsókn um breytingu á leyfi liggur fyrir.

Loftslag

Að mati Umhverfisstofnunar þurfa áhrifin á loftslag að vera sér matsþáttur í mati á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina. Umhverfisstofnun getur því ekki tekið afstöðu til þess þáttar í umsögn sinni.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi varðandi aukna vöktun telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér verulega aukningu á umhverfisáhrifum og sé því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson

sérfræðingur

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur